

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Skaftárhreppi.

#### *Hrífunes, L163373, deiliskipulag.*

Sveitarstjórn Skaftárhrepps samþykkti á fundi sínum 22. mars 2021 deiliskipulag í Hrífunesi, L163373. Skilgreindur er nýr byggingarreitur samtals 375 m<sup>2</sup> fyrir viðbyggingu/stakstæða byggingu austanmegin við núverandi gistihús (Mhl 04). Byggingin rúmar gistiherbergi ásamt íbúð fyrir staðarhaldara. Leyfilegt byggingarmagn á reitnum er 420 m<sup>2</sup>.

Skipulagið hefur hlotið meðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

#### *Hrífunes, L213047, deiliskipulag.*

Sveitarstjórn Skaftárhrepps samþykkti á fundi sínum 22. mars 2021 deiliskipulag í Hrífunesi, L213047. Deiliskipulagið nær til verslunar- og þjónustusvæðis á lóð með landnúmer 213047, í Hrífunesi. Heildarstærð skipulagssvæðisins er 3.500 m<sup>2</sup>. Deiliskipulagið tekur til íbúðarhúss, ferðapjónustuhúsa og bílastæða. Í aðalskipulagi Skaftárhrepps 2010-2022 er svæðið skilgreint sem verslunar- og þjónustusvæði, V2 sem er 19 ha og er ætlað fyrir veitingaþjónustu og bændagistingu. Skipulagið hefur hlotið meðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

#### *Hrífunes, L163371, deiliskipulagsbreyting.*

Sveitarstjórn Skaftárhrepps samþykkti á fundi sínum 22. mars 2021 deiliskipulagsbreytingu á Hrífunesi, L163371. Breytingin felur í sér að stækka skipulagsreit V2 fyrir verslun og þjónustu þannig að göturnar Stóratofa og Mástorfa falli inn í reitinn. Skipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010. Deiliskipulagsbreytingin öðlast þegar gildi.

#### *Geirland, L163570, deiliskipulagsbreyting.*

Sveitarstjórn Skaftárhrepps samþykkti á fundi sínum 22. mars 2021 deiliskipulagsbreytingu á Geirlandi, L163570. Deiliskipulagssvæðið stækkar úr 1,41 ha í 4,08 ha. Nýr byggingarreitur tengist gistiskála og veitingasal. Innan byggingarreits má byggja gistirými, tengibyggingar, stækkun veitingasalar og eldhús og gestamóttöku. Heimilt er að byggja á allt að 2.260 m<sup>2</sup> grunnfleti innan byggingarreits. Skipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010. Deiliskipulagsbreytingin öðlast þegar gildi.

*Kirkjubæjarklaustri, 24. febrúar 2022.*

F.h. Skaftárhrepps,

**Ólafur Elvar Júlíusson**, skipulags- og byggingarfulltrúi.